

AUGLÝSING

um breytingu á svæðisskipulagi Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016, Hnjúkar og Húnavellir, Blönduósbæ og Húnavatnshreppi.

Samkvæmt 5. mgr. 13. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 28. október 2010 fallist á breytingu á svæðisskipulagi Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016 frá 23. mars 2006.

Í breytingunni felst að iðnaðar- og athafnasvæði fyrir gagnaver í landi Hnjúka stækkar úr 250 ha í 272 ha og færsla Svínvetningabrautar til suðurs á 3 km kafla frá sveitarfélagamörkum við Húnavatnshrepp að hesthúsasvæði á Blönduósi. Gert er ráð fyrir 132 kV rafstrengjum frá Laxár-virkjun að gagnaveri og leiðréttingu á legu háspennulínu. Jafnframt er gert ráð fyrir afmörkun 18 ha þéttbýlissvæðis á Húnavöllum.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 28. október 2010.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Íris Bjargmundsdóttir.